



# Fræðslumiðstöð Reykjavíkur

Menntamálanefnd Alþingis  
b.t. Sigríðar Þórðardóttur formanns

Alþingi  
Erindi nr. P 122/597  
komudagur 29.12.1997.

- Fríkirkjuvegi 1
- ÍS-101 Reykjavík,
- Sími: (+354) 535 5000
- Fax: (+354) 535 5050
- Kt. 500796-2359
- Netfang: fmr@rvk.is

Reykjavík 18. desember 1997  
GGÓ/egó

## **Efni: Umsögn Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til að mæta mismunandi þörfum drengja og stúlkna í grunnskólum.**

Fræðslumiðstöð Reykjavíkur lýsir ánægju sinni með að hafa fengið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til að mæta mismunandi þörfum drengja og stúlkna í grunnskólum.

Umsögn:

1. Í fyrsta lagi fögnum við framkominni tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til að mæta mismunandi þörfum stúlkna og drengja í grunnskólum og mælum með því að hún verði samþykkt.

Tekið er undir það álit flutningsmanna að ólík staða kynjanna í skólum hafi verið lengi til umræðu. Ljóst er að ýmsar tölfræðilegar upplýsingar liggja nú þegar fyrir um ákveðna þætti varðandi þjónustu annars vegar við stelpur og hins vegar við stráka í grunnskólum. Það er jafnljóst að samræmdar aðgerðir vantar til að aðstoða kennara við að taka á því sem hindrar að bæði stelpur og strákar fái notið sín til fulls í námi. Einnig teljum við að full ástæða væri til að huga að námskeiðum eða ráðgjöf fyrir foreldra í þessu efni.

2. Við lýsum ánægju okkar með þá málsmeðferð að sett verði niður nefnd fagfólks í uppeldis- og kennslumálum til að gera úttekt á stöðu þessara mála en leggjum megináherslu á tillögur um úrbætur ef þörf krefur.


Miðað við hlutverk nefndarinnar er mikilvægt að leita til fagfólks; uppalenda þ.m.t. foreldra, kennara og fræðimanna. Einnig er mikilvægt að komið verði að málinu með opnum huga og áhersla lögð á hlutlausa umfjöllun um viðfangsefnið. Við leggjum áherslu á að nefndin skoði viðfangsefnið frá mörgum hliðum til þess m.a. að losa umræðu um stöðu stráka og stelpna í grunnskólum úr viðjum fullyrðinga og fyrirfram mótaðra skoðana um hlutverk og ólíkan hlut kynjanna í skólastarfi. Það sem skiptir meginmáli er að lagðar verði fram tillögur til að aðstoða kennara við aðgerðir þannig að grunnskólum takist að koma til móts við eðli og þarfir beggja kynna. Í því efni þarf að horfast í augu við mismun kynjanna og að þau þurfi e.t.v. mismunandi aðferðir og aðstæður til að ná fyllsta námsárangri í skóla.

3. Fræðslumiðstöð bindur vonir við að störf nefndarinnar skili sér í betra skólastarfi jafnt fyrir bæði kynin. Því er lögð áhersla á að nefndinni verði gefinn sá tími sem þarf til að tryggja vandaða umfjöllun og tillögugerð. Í því tilliti þarf m.a. að sjá til þess að nefndinni verði veitt sú aðstaða og aðstoð, t.d. varðandi athuganir, gagnaöflun og annað sem þarf til að henni takist að ljúka ætlunarverki sínu á farsælan hátt fyrir skólastarf framtíðar.
4. Við viljum að lokum leggja áherslu á mikilvægi jafnréttiskennslu og umfjöllunar um ólíka stöðu stelpna og stráka í skólum í kennaramenntun. Átt er við grunnmenntun í kennaramenntastofnunum, endur- og símenntun hjá þessum aðilum og skólayfirvöldum sveitarfélaga. Ef kennarar og aðrir uppalendur sjá ekki vandann verður hann ekki lagfærður.

Því er lagt til að í tengslum við ofangreinda tillögu verði gerð sérstök úttekt á því hvernig kennslu um jafna stöðu kynjanna er háttað í kennaramenntun á Íslandi nú. Úttektin fari fram með það í huga að gerð verði heildarendurskoðun á þessari kennslu eins og hún er nú og settar fram tillögur til úrbóta ef þörf krefur.

Í þessu sambandi er rétt að minna á að yfirvöld menntamála á öllum Norðurlöndunum, að Íslandi meðtöldu, tóku þátt í sameiginlegi verkefni NORDLILJA (Likestilling í lærerutdanningens innhold og arbeidsmetoder) á árunum 1992 - 1994. Í þessu samstarfsverkefni, sem stykt var af Norrænu ráðherranefndinni, var lögð megináhersla á kennaramenntunina, þ.e. að jafnréttiskennsla í kennaramenntun sé hreyfiafl allra helstu breytinga til framfara varðandi stöðu stelpna og stráka í skólum.

Við ítrekum í lokin að við fögnum þingsályktunartillögunni og leggjum til að hún verði samþykkt.

  
Gerður G. Óskarsdóttir,  
fræðslustjóri